

Sp. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um fjáröflun til byggingarsjóða.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson, Garðar Halldórsson, Páll Þorsteinsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega nú þegar Byggingarsjóði ríkisins það lánsfé, sem húsnæðismálastjórn telur nauðsynlegt til að bæta úr brýnustu þörfum, og komi a. m. k. helmingur þeirrar upphæðar til úthlutunar fyrir næstu áramót; enn fremur að útvega nú þegar byggingarsjóði Búnaðarbankans fé til þess, að hann geti bætt úr aðkallandi þörfum vegna íbúðabygginga í sveitum.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Byggingarsjóður ríkisins og byggingarsjóður Búnaðarbankans húa nú við hinn mesta fjárskort, og veldur það fjölmörgum húsbýggjendum hinum verstu erfiðleikum. Með tillögu þeirri, sem hér er flutt, er stefnt að því, að strax verði leyst úr hinum brýnustu þörfum í þessum efnunum.

Í tillögunni er ekki bent á ákveðnar leiðir til fjáröflunar, en þar getur verið um ýmsar leiðir að velja, eins og framsóknarmenn hafa áður bent á í tillögum sínum. Rétt þykir að þessu sinni að láta ríkisstjórninni það eftir að velja hér þær leiðir, sem hún telur heppilegastar og framkvæmanlegastar, enda á hún að hafa hina beztu aðstöðu til að meta það.

Jafnhliða því, sem fjármagns er aflað fyrir áður nefnda byggingarsjóði til að bæta úr brýnustu þörfum, þarf að tryggja þeim aukna fjáröflun til frambúðar, og verða síðar fluttar tillögur um það.

Nánar í framsögu.